



D Ó M U R

föstudaginn 29. júní 2012

Mál nr. E-2890/2011:

Stefnandi: Sigurjón G Halldórsson

(Sigurður Sigurjónsson hrl./Reykjavík)

Stefndi: Íslenska ríkið

(Óskar Thorarensen hrl.)

Dómari: Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari

Ár 2012, föstudaginn 29. júní, var í Héraðsdómi Reykjavíkur í málinu nr.

E-2890/2011:

Sigurjón G. Halldórsson

gegn

íslenzka ríkinu

kveðinn upp svohljóðandi

d ó m u r

I

Mál þetta, sem dómtekið var fimmtudaginn 7. júní sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Sigurjóni Halldórssyni, kt. 000000-0000, Hvammsgerði 1, Reykjavík, með stefnu, birtri 30. júní 2011, á hendur íslenzka ríkinu vegna ríkissjóðs Íslands, kt. 000000-0000, Sölvhólsgötu 7, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær **aðallega**, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaða- og miskabætur, að fjárhæð kr. 17.280.000, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 20.10. 2009 til 30.06. 2011, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, og leggist vextir við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 20.10. 2010, sbr. 12. gr. laga nr. 38/2001. **Til vara** krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaða- og miskabætur að álitum, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 20.10. 2009 til 30.06. 2011, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, og leggist vextir við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 20.10. 2010, sbr. 12. gr. laga nr. 38/2001. Í báðum tilvikum er krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, samkvæmt mati dómsins, auk 15,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda eru þær **aðallega**, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að

mati réttarins. **Til vara** er þess krafizt, að krafa stefnanda verði lækkuð stórkostlega og málskostnaður felldur niður.

II

Málavextir

Þann 13.10. 2009 var stefnandi boðaður til yfirheyrslu hjá lögreglunni í Reykjavík sem sakborningur í tengslum við meint mansalsmál, en stefnandi hafði hringt til lögreglu til þess að spyrjast fyrir um afdrif litháiskrar stúlku, sem talin var geta verið fórnarlamb mansals. Var stefnanda sleppt að lokinni yfirheyrslu. Hinn 20.10.2009 var hann handtekinn fyrir utan heimili sitt og úrskurðaður í gæzluvarðhald næsta dag, að kröfu lögreglustjórans á Suðurnesjum, til 28.10. 2009, vegna meintrar aðildar að mansalsmálinu, en ætlað brot hans var talið varða við 227. gr. a, 244. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Var honum jafnframt gert að sæta einangrun meðan á gæzluvarðhaldinu stæði.

Hinn 28.10. 2009 var stefnandi að kröfu lögreglustjórans úrskurðaður til áframhaldandi einangrunarvistar til 4.11. 2009 á grundvelli meints brots á alm. hgl. einkum 227. gr.a og 248. gr. almennra hegningarlaga.

Hinn 4.11. 2009 gerði lögreglustjórinn enn kröfu um einangrunarvist og nú til 18.11. 2010. Var ekki á það fallizt, en stefnandi úrskurðaður til áframhaldandi einangrunarvistar, nú á grundvelli meints brots gegn 227. gr. og 248. gr. alm. hgl. til 11.11. 2009. Þann dag var stefnandi leystur úr haldi. Í öllum tilvikum var krafa lögreglustjórans um einangrunarvist reist á a-lið 1. mgr. 95. gr. l. 88/2008 um meðferð sakamála, en hinn 4.11. 2009 var að auki vísað til vara í d-lið 95. gr. s.l.

Stefnandi var vistaður í fangageymslu á lögreglustöðinni við Hverfisgötu frá 20.-22.10. 2009, en þann dag var hann fluttur í fangageymslu hjá lögreglunni á Suðurnesjum og var þar til 29.10. 2009, er hann var færður í Hegningarhúsið við Skólavörðustíg í Reykjavík. Hinn 7.11. 2009 var hann fluttur á Litla Hraun og dvaldist hann þar til 9.11. 2009, er hann var fluttur á ný til lögreglunnar á Suðurnesjum, þar sem hann var í haldi til 11.11. 2009.

Sama dag og stefnandi var handtekinn var sambýliskona hans, Þórkatla Ragnarsdóttir einnig handtekin við heimili þeirra að Hvammsgerði 1, Reykjavík. Var tekin af henni skýrsla auk þess sem framkvæmd var húsleit í tvígang á heimili þeirra að Hvammsgerði 1. Var Þórkötlunni sleppt úr haldi seinna sama dag. Þá var einnig framkvæmd húsleit á starfsstöð stefnanda að Miðhrauni 22 í Garðabæ og Vesturvör í Kópavogi og enn fremur í bifreiðum stefnanda.

Hinn 29.12. 2009 var gefin út ákæra á hendur stefnanda. Hinn 8. marz 2010 gekk héraðsdómur í málinu, nr. S-1064/2009, og var stefnandi sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og allur málskostnaður og sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði.

Mál þetta vakti mikla athygli fjölmiðla, og kveðst stefnandi hafa mátt þola neikvæða og níðingslega umfjöllun í fjölmiðlum meðan á gæzluvarðhaldsvist hans

stóð og að henni lokinni. Þá hafi ítrekað gæzluvarðhald og einangrun verið stefnanda mikið áfall, einkum þar sem hann hafi átti við geðræn vandamál að etja, sem hafi lýst sér í alvarlegri kvíðaröskun og tilhneigingu til þunglyndis. Meðan á gæzluvarðhaldsvistinni stóð hafi lyf þau, sem hann hafi þurft skv. læknisráði verið tekin af honum og honum neitað um þau. Hann hafi tvívegis reynt að svipta sig lífi meðan á gæzluvarðhaldsvistinni stóð, auk þess sem hann hafi reynt sjálfsvíg á ný, eftir að hann losnaði úr gæzluvarðhaldi. Frá útgáfu ákæru og allt til þess að hann var sýknaður í héraðsdómi hafi hann legið óvinnufær innilokaður heima hjá sér í sinnuleysi og þunglyndi. Hafi hann verið algjörlega ófær um að reka fyrirtæki sín, SR Holdings ehf., sem hafi hrunið á þessum tíma, og enn fremur SR Eignir ehf. Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum hafi lagt hald á fjárreiður SR Eigna ehf. þann 23.10. 2009, sem hafi staðið til 16.12. 2009, þegar lögreglustjóri hafi beitt sér fyrir því, að Vátryggingarfélag Íslands hf. kyrrsetti innstæðu félagsins í Arion banka hf. um leið. Kyrrsetning VÍS hf. hafi síðan verið felld úr gildi hinn 10.02. 2010.

Á sama tíma og stefnandi var handtekinn hafi samstarfsmaður hans, Ragnar Þórarinnsson, verið handtekinn og settur í gæzluvarðhald. Hafi honum verið borið á brýn að eiga þátt í því að kveikja í húseign SR Eigna ehf. að Sólvöllum 13 í Grundarfirði ásamt stefnanda í því skyni að svíkja út tryggingarfé vegna eignarinnar.

Þessar ásakanir hafi reynzt rangar og hafi Hæstiréttur felld úr gildi varðhaldsúrskurð yfir Ragnari í málinu nr. 607/2009.

Í október 2010 kveðst stefnandi hafa hafizt handa við enduruppbyggingu rekstur síns, án árangurs. Hann hafi verið úrskurðaður gjaldþrota í desember 2010.

Stefndi mótmælir málavaxtalýsingu stefnanda að því leyti, sem hún er í ósamræmi við það, sem stefndi heldur fram í málinu, m.a. því að gæzluvarðhald stefnanda og einangrunarvist hafi verið tilefnislaus, að lögregluþyrft hafi verið með aðdróttanir á hendur stefnanda í fjölmiðlum, að stefnanda hafi verið neitað um nauðsynleg lyf, auk þess sem lýsingar stefnanda á líðan sinni og afleiðingum gæzluvarðhaldsins séu ósannaðar.

III

Málsástæður stefnanda

Stefnandi krefst skaða- og miskabóta fyrir þá 22 daga, sem hann var í einangrunar gæzluvarðhaldi og þurfti að þola frelsissviptingu og nemur miskabótakrafa hans vegna þess kr. 10.000.000. Þá gerir stefnandi kröfur um skaðabætur vegna fjártjóns, sem hann kveðst hafa orðið fyrir og sé bein og óbein afleiðing af einangrunargæzluvarðhaldinu, kr. 7.280.000. Þá krefst hann vaxta frá upphafi gæzluvarðhalds. Til vara krefst hann bóta að álitum.

-

Miskabætur:

Kröfu sína um miskabætur reisir stefnandi á því, að hann hafi verið beittur harðræði og orðið fyrir tjóni, bæði líkamlegu og andlegu vegna einangrunargæzluvarðhaldsins. Hafi það úrræði verið tilefnislaust og rangt. Aldrei hafi legið fyrir gögn, sem fellt gætu á hann sök í umræddu sakamáli. Um sé að ræða alvarlega aðför af hálfu lögreglu, óréttmæta handtöku og óréttmæta gæzluvarðhaldsúrskurði, sbr. dskj. nr. 27. Stefnandi vísi til 67. gr. stjksk. nr. 33/1944, þar sem kveðið sé á um, að engan megi svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum. Eigi það stoð í 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um, að allir menn eigi rétt til frelssis og mannhelgi o.fl.

Í máli þessu liggja fyrir, að stefnandi hafi verið úrskurðaður í einangrun í gæzluvarðhaldi í 22 daga. Úrskurðir hafi ítrekað verið kveðnir upp og því ávallt borið við af hálfu rannsakanda, að stórfelldir rannsóknarhagsmunir krefðust þess, að stefnandi sætti einangrun. Nýjar ástæður hafi sífellt verið tilgreindar, svo sem mansal, peningabætti, íkveikjur, handrukkanir, tryggingasvik o.fl. Allar ávirðingar þessar hafi verið tilhæfulausar með öllu, en rannsakandi hafi ítrekað lagt fram slíkar ávirðingar og meiningar gagngert til þess að geta haldið stefnanda í einangrun í gæzluvarðhaldinu. Verði að telja augljóst, að skilyrði 1. og 2. mgr. 95. gr. 1. nr. 88/2008 hafi ekki verið uppfyllt með framgangi rannsakanda, sbr. einnig 2. ml. 1. mgr. 14. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Vísist til dskj. nr. 9, 10 og 11 þar að lútandi.

Stefnandi hafi ekki fengið réttláta málsmeðferð og eigi það bæði við um gæzluvarðhaldsúrskurði og framgöngu rannsakanda og lögreglu undir rannsókn málsins. Eigi það við um tilbúna og rangar „upplýsingaskýrslur“, sbr. dskj. nr. 58 og 59, og enn fremur dskj. nr. 60, sem sé úr yfirheyrslu lögreglustjóra fyrir héraðsdómi. Hafi framganga rannsakanda haft í för með sér ónærgætna umfjöllun í fjölmiðlum, þar sem stefnandi hafi mátt þola mynd- og nafnbirtingu, sem leitt hafi til mannrðsmíssis og alvarlegrar röskunar á högum og atvinnumöguleikum, sbr. dskj. nr. 54 og 55. Telji stefnandi, að ákvæði 1. mgr. 70. gr. stjkskr. hafi verið brotin, sbr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Enda þótt rannsókn svokallaðs mansals máls hafi verið umfangsmikil, liggja fyrir, að gögn, sem beinist að stefnanda, sýni afdráttarlaust, að fráleitt hafi verið og varhugavert að álykta, að hann væri viðriðinn málið. Það að stefnandi hafi gert fyrirspurn hjá lögreglu að beiðni annarra um erlenda stúlku undir fullu nafni og kennitölu úr eigin síma geti ekki verið tilefni til þeirrar meðferðar, sem hann hafi hlotið af hálfu lögreglu. Ekki hafi verið um neina leynd að tefla, og afdráttarlausar skýringar stefnanda á umræddu símtali hafi tekið af allan vafa um, að hann væri ekkert viðriðinn það ákæruefni, sem beinzt hafi að hinum erlendu aðilum. Þá sé ljóst, að einangrunarvistun stefnanda, reist á þeim grundvelli að „stórfelldir rannsóknarhagsmunir væru í húfi“, eða að stefnandi gæti haft áhrif á rannsókn málsins, ef hann væri frjál, hafi verið út í hött og beinlínis fjarstæðukenndar. Þeir menn, sem sætt hafi rannsókn og verið ákærðir í kjölfar rannsóknar lögreglu, hafi sjálfir verið í einangrunargæzluvarðhaldi allan þann sama tíma og stefnandi og því augljóst, að stefnandi hafi engin áhrif getað haft á þá aðila, eins og reynt sé að halda fram af hálfu rannsakanda. Ljóst verði að telja, að meðalhófs hafi ekki verið gætt, eins og skilyrt sé í 3. mgr. 71. gr. stjkskr. nr. 33/1944. Í meðalhófsreglu felist, að beita skuli vægasta úrræði, sem hafi í þessu tilviki augljóslega falizt í skýrslutökum yfir stefnanda, en alls ekki með innlokun í einangrun í fangaklefa, eins og gert hafi verið. Þá verði að telja, að 3. mgr. 67. gr. stjkskr. nr. 33/1944 hafi

verið brotin, en afdráttarlaust sé, að stefnandi hafi verið látinn sæta gæzluvarðhaldi að tilefnislausu.

Stefnandi hafi sætt ómannúðlegri og vanvirðandi meðferð í einangrunargæzluvarðhaldi, meðal annars vegna þess að lífsnauðsynleg lyf hafi strax við handtöku verið tekin af honum, þrátt fyrir mótmæli stefnanda sjálfs. Um það vísist til dskj. nr. 18 og 52. Sem afleiðingu af því hafi hann verið beittur líkamlegu harðræði í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Afleiðingar af einangrunarvistinni og ekki sízt því, að hann hafi verið sviptur lyfjum sínum, hafi leitt til þess, að hann hafi ítrekað reynt að fyrirfara sér, sjá dskj. nr. 13, 19, 27 og 28. Verði að líta til þessa og telja, að meðferð á stefnanda fari gegn 1. mgr. 68. gr. stjkskr. nr. 33/1944 og sbr. 3. gr. mannréttinasáttmála Evrópu. Eigi þetta einkum við, þar sem einstaklingar séu sviptir frelsi, eins og hér hátti til.

Í 71. gr. stjkskr. sé friðhelgi einkalífs, heimili og fjölskyldu varin, og sé það áréttað í 12. gr. mannréttindayfirlýsingar SP. Eigi það einnig stoð í 17. gr. samnings um borgaraleg réttindi, að enginn skuli þurfa að þola ólögmæta röskun á einkalífi, fjölskyldu eða heimili, eða ólögmætar árásir á heiður og mannorð sitt. Stefnandi telji, að á honum hafi verið brotið að þessu leyti.

Skaðabótakrafa stefnanda á hendur stefnda vegna frelssviptingar sé reist á 5. mgr. 67. gr. stjkskr. nr. 33/1944, en stefnandi hafi verið sviptur frelsi að ósekju, og eigi hann þá rétt til skaðabóta. Í 228. gr. laga nr. 88/2008 sé kveðið á um, að maður, sem borinn hafi verið sökum í sakamáli, eigi rétt til bóta, hafi hann verið sýknaður með endanlegum dómi. Enn fremur skuli, skv. 2. mgr. 228. gr. s.l., dæma bætur vegna aðgerða, sbr. IX.-XIV. kafla l. nr. 88/2008, sem eru úrræði í þágu rannsóknar máls s.s. haldlagning á eignum, hleranir á sínum, upplýsingar hjá símafyrtækjum og fjarskiptafyrtækjum, húsleitir, röskun á friðhelgi, stöðu og heimilishögum o.fl. þvingunarúrræði. Öllum þessum úrræðum hafi verið beitt gegn stefnanda, hvoru tveggja að tilefnislausu og með röngum hætti, en rannsókn málsins hafi einkennzt af vandræðagangi og ótta við, að sá mikli tilkostnaður, sem orðið hafi af rannsókninni, myndi ekki leiða til neinnar niðurstöðu eða sakfellingar. Ljóst verði að telja, að stefnandi hafi galdið þess, að rannsakandi hafi farið offari í aðgerðum sínum og með yfirlýsingum í fjölmiðlum.

Ekki séu efni til að lækka bætur eða fella þær niður, enda hafi stefnandi ekkert tilefni gefið til þeirra aðgerða lögreglu, sem að honum hafi beint.

Skaðabætur:

Stefnandi reisi skaðabótakröfu sína á því, að hann hafi setið saklaus í fangelsi í 22 daga vegna rangra sakargifta, og ekkert lögmætt tilefni hafi verið til þess að hneppa hann í einangrunargæzluvarðhald. Frelssvipting sé alvarlegt inngríp í frelsi borgara. Stefnandi hafi þurft að þola að vera hnepptur í gæzluvarðhald, án þess að hafa brotið af sér og án þess að rökstuddur grunur eða næg stoð væri fyrir hendi til að slíkur grunur félli á stefnanda.

Afleiðing af aðgerðum lögreglu hafi valdið stefnanda miklu fjártjóni. Stefnandi geri kröfu vegna atvinnutjóns, en hann hafi orðið algjörlega óvinnufær frá 20.

október 2009 og út árið 2010. Laun stefnanda hafi verið kr. 520.000 á mánuði frá júní til október á árinu 2009, en að viðbættum veikindadögum, sem greiddir hafi verið út í október 2009, og fæðingarorlofi, hafi heildarlaun stefnanda 1. janúar til 31. október 2009 numið kr. 3.745.778, en engin laun hafi verið frá 31. október 2009 til ársloka 2010. Vísist til framlagðra gagna, sbr. dskj. nr. 56, 57 og 68 þar að lútandi.

Eins og fram sé komið, hafi stefnandi verið launalaus allt árið 2010 af völdum einangrunarvarðhaldsvistarinnar og afleiðinga hennar. Vísist til læknisvottorða þar að lútandi, hvoru tveggja varðandi heilsufar og óvinnufærni. Krafa þar að lútandi frá október 2009 til desember 2010 nemi kr. 7.280.000, en miðað sé við mánaðarlaun kr. 520.000 frá 1. nóvember 2009 til 31. desember 2010.

Verði ekki fallizt á aðalkröfu stefnanda, sé höfð uppi varakrafa, og komi þá til skoðunar fyrir dóminn að taka tillit til þess tjóns, sem stefnandi hafi orðið fyrir, hvoru tveggja miska og fjártjóns, og dæma stefnanda miska- og skaðabætur að álítum.

Mál þetta sé sótt fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, sem er varnarþing ríkissjóðs.

Stefnandi vísi til laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, XXXVII. kafla einkum 228. og 230. gr. Þá vísist til 5. mgr. 67. gr. stjksk. 33/1944, laga um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994 og alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi og almennra skaðabótareglna. Enn fremur vísi stefnandi til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum XXI. kafla laganna, varðandi málskostnað, sbr. einnig 230. gr. laga nr. 88/2008. Vísað sé til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt með áorðnum breytingum.

Málsástæður stefnda

Stefndi mótmælir þeim málsástæðum stefnanda, að hann hafi ekki fengið réttláta málsmeðferð og það eigi við bæði um gæzluvarðhaldsúrskurði og framgöngu rannsakenda og lögreglu undir rannsókn málsins og tilbúna og rangar „upplýsingaskýrslur“, sbr. dskj. nr. 58 og 59 og dskj. 60. Þá er því mótmælt, að framganga rannsakanda hafi haft í för með sér ónægætna umfjöllun í fjölmiðlum, þar sem stefnandi hafi mátt þola mynd- og nafnbirtingu, sem leitt hafi til mannorðsmíssis og alvarlegrar röskunar á högum og atvinnumöguleikum og að ákvæði 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár sbr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu hafi verið brotin.

Á því sé byggt af hálfu stefnda, að stefnandi hafi fengið réttláta málsmeðferð og sé öðru mótmælt sem röngu og ósönnuðu. Stefndi geti ekki borið ábyrgð á umfjöllun fjölmiðla.

Í stefnu, neðst á bls. 6, sé fullyrt, að enda þótt rannsókn svokallaðs mansalsmáls hafi verið umfangsmikil, liggi fyrir, að gögn, sem beint hafi að stefnanda, hafi afdráttarlaust sýnt, að fráleitt hafi verið og varhugavert að álykta, að

hann væri viðriðinn málið. Stefndi mótmæli þessari fullyrðingu.

Umfjöllun stefnanda, efst á bls. 7 og áfram í stefnu, um rannsóknarhagsmuni o.fl., sé mótmælt, og því sé mótmælt, að rökstuðningur/skýringar fyrir þvingunaraðgerðum lögreglu hafi verið fjarstæðukenndar. Því sé mótmælt, að meðalhófs hafi ekki verið gætt. Því sé mótmælt, að brotið hafi verið gegn 3. mgr. 71. gr. og 3. mgr. 67 gr. stjórnarskrár.

Því sé mótmælt, að stefnandi hafi sætt ómannúðlegri og vanvirðandi meðferð í einangrunargæzluvarðhaldi. Ósannað sé, að lífsnauðsynleg lyf hafi verið tekin af stefnanda strax við handtöku, þrátt fyrir mótmæli hans sjálfs. Þetta atriði sé algerlega ósannað að mati stefnda en sönnunarbyrðin fyrir þessari staðhæfingu hvílir á stefnanda. Stefnandi byggir á því í stefnu, að hann hafi verið beittur líkamlegu harðræði í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Þessum fullyrðingum sé mótmælt.

Í stefnu sé eftirfarandi fullyrðing: „Afleiðingar af einangrunarvistinni og ekki sízt því að hann var sviptur lyfjum sínum leiddi til þess að hann reyndi ítrekað að fyrirfara sér, sjá dskj. nr. 13, 19, 27 og 28.“ Stefndi mótmæli þessari fullyrðingu og telji hana ósannaða.

Því sé mótmælt, að meðferð á stefnanda hafi farið gegn 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrár, sbr. 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Stefnandi byggir á því í stefnu, að brotið hafi verið á honum með vísan til 71. gr. stjórnarskrár og vísan til 12. gr. mannréttindayfirlýsingar SP, en einnig sé vísað til 17. gr. samnings um borgaraleg réttindi. Stefndi mótmæli þessu.

Skaðabótakröfu sinni til stuðnings vísi stefnandi til 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrár og 228. gr. laga nr. 88/2008, m.a. til 2. mgr., og vísi til þvingunarúrræða og telji, að úrræðum, sem þar sé lýst, hafi verið beitt gegn sér að tilefnislausu og með röngum hætti og telji, að rannsóknin hafi einkennzt af vandræðagangi og ótta við að sá mikli tilkostnaður, sem orðið hafi af rannsókninni, myndi ekki leiða til neinnar niðurstöðu eða sakfellingar. Stefnandi telji ljóst, að hann hafi galdið þess, að rannsakandi hafi farið offari í aðgerðum sínum og með yfirlýsingum í fjölmiðlum. Stefndi telji, að stefnandi eigi ekki rétt til bóta í þessu máli, hvorki samkvæmt stjórnarskrá, lögum nr. 88/2008 né öðrum réttarheimildum. Öllum framangreindum sjónarmiðum og málsástæðum sé mótmælt.

Stefnandi byggir skaðabótakröfu sína vegna meints fjártjóns m.a. á því, að ekkert lögmætt tilefni hafi verið til að hneppa hann í einangrunargæzluvarðhald. Stefndi mótmæli þessu. Þá sé því mótmælt, að stefnandi hafi þurft að þola að hafa verið hnepptur í gæzluvarðhald, án þess að rökstuddur grunur væri fyrir hendi, eða næg stoð hafi verið fyrir því að slíkur grunur félli á hann.

Meint fjártjón stefnanda sé algerlega ósannað, og sé kröfu stefnanda og rökstuðningi fyrir henni mótmælt að öllu leyti.

Fram komi í stefnu, að afleiðing af aðgerðum lögreglu hafi valdið stefnanda miklu fjártjóni. Stefnandi byggir kröfu sína m.a. á því, að hann hafi orðið fyrir atvinnutjóni og verið algjörlega óvinnufær frá 20. október 2009 og út árið 2010. Í

stefnu séu laun miðuð við ákveðið tímabil 2009. Kröfum stefnanda sé öllum mótmælt. Þær séu vanreifaðar og að auki algerlega ósannaðar. Forsendum, útreikningum, viðmiðunum og fjárhæð launa sé mótmælt að öllu leyti. Stefndi telji, að stefnandi eigi enga kröfu samkvæmt þessum lið. Í þessu sambandi sé m.a. bent á þá skyldu þess, sem telji sig verða fyrir tjóni, að reyna að takmarka tjón sitt.

Stefnandi hafi sönnunarbyrði fyrir öllu, sem bótakröfu hans viðkomi, m.a. um sök, ólögmati, sennilega afleiðingu, orsakasamband o.fl., og sé slíkt samband ósannað.

Stefnandi hafi, með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 29. desember 2009, verið ákærður, ásamt fimm erlendum mönnum, fyrir aðild að broti gegn 1. tl. 1. mgr. 227. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 5. gr. laga nr. 40/2003, en til vara sama ákvæði sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Rannsókn málsins hafi hafizt í október 2009 og verið mjög viðamikil. Í ákæru ríkissaksóknara hafi þáttur stefnanda verið talinn sá að hafa útvegað húsnæði í Hafnarfirði, þar sem brotaþoli í mansalsmálinu hafi verið hýstur í tvo daga í október 2009. Sé ljóst, að ríkissaksóknari hafi metið það svo, skv. reglum 145. gr. laga nr. 88/2008, að það, sem fram væri komið við rannsóknina, hvað varðaði þátt stefnanda, væri nægilegt eða líklegt til sakfellis.

Rannsókn málsins, hvað stefnanda varði, hafi ekki eingöngu lotið að meintum þætti hans í mansalsbrotinu, heldur einnig að meintum tryggingasvikum, en stefnandi hafi ekki verið ákærður fyrir þann þátt málsins. Vísist að öðru leyti til gagna málsins.

Ljóst sé, að dómstólar, bæði Héraðsdómur Reykjaness og Hæstiréttur, sem hafi úrskurðað og dæmt stefnanda til að sæta gæzluvarðhaldi, hafi talið nægilega sterkan og rökstuddan grun fyrir hendi fyrir þeirri niðurstöðu. Vísist í þessu sambandi til dæmis til rökstuðnings Hæstaréttar í dómi 3. nóvember 2009 í máli nr. 627/2009. Þá sé vísað til rökstuðnings lögreglustjóra fyrir gæzluvarðhaldskröfum í málinu, en stefnandi hafi þótt gefa ótrúverðugar skýringar um sinn þátt í ætluðum brotum; skýringar, sem hafi þótt stangast á við önnur gögn í málinu, m.a. upplýsingar um símanotkun, sem aflað hafi verið í þágu rannsóknarinnar. Sérstaklega skuli nefnt, að stefnandi hafi ekki strax gefið lögreglu upplýsingar, sem lögregla hafi talið hann búa yfir um íbúðina í Hafnarfirði, þar sem brotaþoli mansalsins hafi verið hýstur og telji stefndi ljóst, að með tregðu sinni við að upplýsa rannsóknaraðila hafi stefnandi sjálfur stuðlað að eða valdið því, hve lengi gæzluvarðhaldsvist hans stóð.

Hinir fimm erlendu menn, sem ákærðir hafi verið ásamt stefnanda, hafi með dómi Héraðsdóms Reykjaness 8. marz 2010, verið sakfelldir, en stefnandi hafi verið sýknaður. Fimmmenningarnir hafi síðan, með dómi Hæstaréttar 16. júní 2010, verið sakfelldir og dæmdir til refsingar, en ríkissaksóknari hafi ekki áfrýjaði málinu til Hæstaréttar, hvað stefnanda varðaði.

Rökstuddur grunur hafi verið fyrir hendi um aðild stefnanda að málinu. Vísist í því sambandi til gagna málsins og þeirrar staðreyndar, að stefnandi hafi verið ákærður. Því sé mótmælt, að ekki hafi verið skilyrði til aðgerða lögreglu í málinu og á því byggt, að aðgerðir lögreglu hafi verið nauðsynlegar og nægt tilefni til

þeirra.

Meðal lögbundinna hlutverka lögreglu samkvæmt 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, sé að vinna að uppljóstrun brota og fylgja málum eftir í samræmi við það, sem kveðið sé á um í lögum um meðferð opinberra mála og öðrum lögum. Þá vísist einnig til laga nr. 88/2008.

Um hafi verið að ræða mjög umfangsmikla rannsókn, þar sem sakarefni hafi verið alvarlegt.

Á því sé byggt af hálfu stefnda, að lögregla hafi staðið eðlilega að öllum þáttum rannsóknar, en einnig að vistun stefnanda, og sé á því byggt, að vel hafi verið farið með stefnanda, og að hann hafi fengið þá þjónustu, sem hann hafi þurft á að halda, og sé öðru mótmælt sem röngu. Brugðizt hafi verið við vanda stefnanda í gæzluvarðhaldi um leið og hann hafi komið upp. Það komi fram í gögnum, sjá t.d. dskj. nr. 3 og 18, að stefnandi hafi átt við veikindi að stríða nokkrum árum áður en mál þetta kom upp. Telji stefndi, að ekkert sé fram komið um, að stefnandi hafi sætt neins konar harðræði í gæzluvarðhaldi eða við rannsóknaraðgerðir lögreglu í málinu, eins og stefnandi gefi í skyn í skjölum, sem hann hafi lagt fram, sjá t.d. dskj. nr. 27. Ítrekað sé, að stefnandi hafi fengið nauðsynlega sálfræði- og lækniþjónustu, meðan hann sætti gæzluvarðhaldi, sbr. skjöl, sem hann leggi sjálfur fram. Þá hafi hann fengið þjónustu prests og einnig heimsókn eiginkonu sinnar, meðan á einangrun í gæzluvarðhaldi stóð.

Á því sé byggt, að stefnanda hafi ekki verið haldið lengur en nauðsynlegt var. Á því sé byggt, að allar aðgerðir lögreglu og yfirvalda hafi verið löglegar og nauðsynlegar og að fullt tilefni hafi verið til þeirra og þær ekki gengið lengra en nauðsynlegt hafi verið.

Ætla verði lögreglu lágmarks svigrúm til rannsóknar mála. Ósannað sé með öllu, að atvinnumöguleikar stefnanda séu skertir.

Byggt sé á því, að lögregla hafi nýtt tímann vel til rannsóknar málsins, meðan stefnandi var í gæzluvarðhaldi.

Stefndi mótmæli því, að stefnandi eigi rétt til bóta. Þannig sé mótmælt bæði miskabótakröfu og skaðabótakröfu vegna meints fjártjóns, en fjártjónskrafa sé vanreifuð og óskýr, og sé henni mótmælt að öllu leyti. Að mati stefnda hafi verið fullt tilefni til rannsóknaraðgerða og beitingar þvingunarúrræða gagnvart stefnanda; lögmæt skilyrði hafi verið fyrir hendi vegna allra aðgerða lögreglu, og lögregla hafi gætt þess meðalhófs, sem henni hafi borið að gæta hverju sinni miðað við stöðu rannsóknarinnar.

Stefnandi hafi ekki sannað, að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna þeirra atriða, sem hann byggir mál sitt á, en hann hafi sönnunarbyrði fyrir öllu, sem bótakröfu hans viðkomi.

Stefndi byggir á því, að ekki sé fullnægt skilyrðum XXXVII. kafla laga nr. 88/2008 til að dæma megi bætur og þannig hvorki fullnægt skilyrðum 228. né 230. gr. Stefndi byggir á því, að stefnandi hafi valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum, sem hann reisi kröfu sína á og eigi því ekki rétt á bótum sbr. 228. gr. laga nr. 88/2008. Á

Því sé m.a. byggt, að framburður stefnanda hafi á köflum verið ruglingslegur. Þá sé á það bent, að stefnandi hafi haft samband við lögreglu og spurzt fyrir um konuna. Þá hafi mikil símasamskipti við einhverja meðákærðu þótt grunsamleg. Þá hafi stefnandi um síðir vísað lögreglu á íbúð fyrir stúlkuna að Hörgsholti 27, en hann hafi haft lykla að íbúðinni. Fram komi á dskj. nr. 59, að þegar Litháarnir hafi beðið stefnanda að útvega íbúð fyrir stúlkuna, hafi hann leyft þeim að fara með hana í umrædda íbúð. Þá virðist stefnandi hafa þekkt alla þá, sem dæmdir hafi verið, og að þeir hafi allir unnið hjá honum. Framangreint sé ekki endanleg upptalning atriða um þessa málsástæðu.

Stefndi vísi að öðru leyti til gagna málsins, m.a. til skýrslna, sem teknar hafi verið af stefnanda og til rannsóknargagna að öðru leyti, svo og beiðna lögreglu um þvingunarráðstafanir.

Málskostnaðarkrafa sé reist á 130. gr. 1.mgr. laga nr. 91/1991.

Varakröfu stefnanda um bætur að álitum sé mótmælt. Fráleitt sé t.d., að hægt sé að dæma vanreifaða fjártjónskröfu að álitum.

Til vara krefjist stefndi þess, að kröfur stefnanda verði lækkaðar stórkostlega og málskostnaður felldur niður.

Krafa stefnanda um bætur sé margfalt hærri en dæmi séu um, að dæmdar hafi verið í málum af þessum toga. Ekki sé með neinum hætti unnt að gera lögreglu eða ríkið ábyrgt fyrir því, að fjölmiðlar fjalli um mál, eða fyrir því, hvernig fjölmiðlar fjalli um mál. Lögregla og ákærvald stýri ekki fjölmiðlaumfjöllun.

Vegna varakröfu vísi stefndi til allra sömu málsástæðna og sjónarmiða og fram komi hér að framan varðandi aðalkröfu.

Öllum kröfuliðum sé mótmælt, en verði einhver þeirra tekinn til greina, sé á það bent, að kröfur þær, sem stefnandi setji fram, séu ekki í neinu samræmi við dómaframkvæmd, og hver einstakur kröfuliður sé allt of hár.

Miskabótakrafa vegna handtöku og gæzluvarðhalds sé allt of há og ekki í neinu samræmi við dómaframkvæmd. Kröfu þessari sé mótmælt sem allt of hárrí.

Krafa um meint fjártjón sé algerlega vanreifuð og ósönnuð og sé henni mótmælt að öllu leyti, m.a. sem allt of hárrí. Stefnandi miði við allt of langt tímabil, og sé þess krafizt, að það verði stytt verulega. Þá sé viðmiðunartekjum á mánuði mótmælt sem allt of háum. Verði fallizt á kröfu stefnanda um bætur vegna fjártjóns, sé þess krafizt, að allar tekjur, sem stefnandi hafi haft á viðmiðunartíma bóta, komi til frádráttar bótakröfu hans.

Með vísan til sömu sjónarmiða og raka og fram komi varðandi aðalkröfu, telji stefndi að lækka eigi bætur, þar sem stefnandi hafi valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum, sem hann reisi kröfu sína á, sbr. 228. gr. laga nr. 88/2008.

Dráttarvaxtakröfu stefnanda sé mótmælt. Kröfur stefnanda hafi fyrst komið fram með stefnu. Fallist dómurinn á að dæma dráttarvexti, sé á því byggt, að þeir geti fyrst byrjað að falla á mánuði eftir birtingu stefnu í málinu, sbr. 9. gr. laga nr.

IV

Forsendur og niðurstaða

Stefnandi gaf skýrslu fyrir dómi sem og vitnin Anna Kristín Newton sálfræðingur, Þórkatla Ragnarsdóttir, sambýliskona stefnanda, Ragnar Þórarinnsson verktafi, Magnús Páll Ragnarsson fangavörður, Björgvin Magnús Óskarsson svæfingalæknir, Guðmundur Benediktsson lögreglufulltrúi og Þórarinn Viðar Hjaltason sálfræðingur.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að hann hafi verið beittur harðræði, andlegu og líkamlegu, vegna gæzluvarðhalds, þar sem honum hafi verið haldið í einangrun. Hafi verið um að ræða óréttmæta handtöku og gæzluvarðhaldsúrskurði án tilefnis.

Stefndi byggir á því, að stefnandi hafi sjálfur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum, sem hann reisir bótakröfu sína á.

Samkvæmt 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skal dæma bætur vegna aðgerða samkvæmt IX-XIV kafla laganna, séu skilyrði 1. mgr. fyrir hendi, þ.e. að maður, sem borinn hefur verið sökum í sakamáli, hafi verið sýknaður með endanlegum dómi eða málið fellt niður. Þó má fella niður bætur eða lækka þær, hafi hann valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum, sem hann reisir kröfu sína á.

Með dómi Héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 8. marz 2010 í máli nr. S-1064/2009 var stefnandi sýknaður af aðild að svokölluðu mansalsmáli, en það mál og meint tengsl stefnanda við það, var tilefni handtöku og síðan gæzluvarðhalds stefnanda, sem hér er deilt um. Við rannsókn málsins hafði stefnandi réttarstöðu sakbornings og var meint brot hans einkum talið varða við 227. gr. a, 244. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í framburðarskýrslum stefnanda, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, annars vegar í sakamálinu og hins vegar í máli þessu, sem hér er til úrlausnar, gerir stefnandi lítið úr tengslum sínum við þá Litháa, sem komu að mansalsmálinu, enda þótt í ljós hafi komið, þegar leið á skýrslutökurnar, að tengslin voru töluvert meiri en stefnandi vildi vera láta. Þá eru allar skýringar stefnanda á tengslum sínum við mennina á reiki og lítt trúverðugar. Þannig bar stefnandi hjá lögreglu hinn 20. október 2009, að hann kannaðist aðeins við Deividas Sarapinas. Hann hefði unnið hjá stefnanda en verið rekinn úr vinnu og ráðinn síðan aftur. Síðan hefðu Litháarnir verið að reyna að fá vinnu hjá honum og peningalán. Spurður um leynifundi með Deividas, kvað hann ekki hafa verið um leynifundi að ræða, hann hefði hitt Deividas á bensínstöð og svoleiðis. Umræður á þessum fundum hefðu ekki verið um neitt sérstakt, en Deividas hefði farið fram á, að hann hefði ekki með sér síma á þessa fundi.

Í skýrslutöku hjá lögreglu hinn 27. október 2009 er stefnandi enn spurður um Deividas og kveðst hann þá ekki þekkja mennina, og spyr hver Deividas sé. Eftir að

honum var sýnd mynd af honum, kvað hann Deividas hafa verið að vinna hjá sér og Ragnari félaga sínum, en hann hafi verið að biðja stefnanda um að útvega sér atvinnuleyfi. Spurður um tengsl hans við Deividas og aðra Litháa, svaraði stefnandi því svo, að engin tengsl væru við þessa menn. Upphaflega hafi þeir verið í vinnu hjá honum en hætt, og síðan hafi þeir aftur falast eftir vinnu og svo hafi það smáaukizt. „Það eru engin tengsl við Deividas, hann er bara búinn að vera að ganga á mig með að redda þessu atvinnuleyfi og það allt upp í tvisvar til þrisvar sinnum á dag og síðustu tvo til þrjá mánuði.“

Í skýrslutöku hjá lögreglu 3. nóvember er stefnandi enn spurður um Deividas og hvort rétt sé, að hann hafi unnið hjá honum. Enn virðist stefnandi ekki koma nafni hans fyrir sig, og kannast ekki við hann fyrr en hann sér mynd af honum.

Spurður út í fjölmörg símtöl við Deividas um það leyti, sem bruninn varð í fasteign stefnanda á Grundarfirði, sem og símtöl um það leyti, sem von var á litháisku stúlkunni til landsins og dagana eftir að hún kom, svarar hann, að Deividas hafi verið að fá hann til þess að útbúa fyrir sig atvinnuleyfi. Þá getur hann engar skýringar gefið á fjölmörgum símtölum, sem hann átti við aðra Litháa, sem tengdust mansalsmálinu á svipuðum tíma. Þá gaf hann ótrúverðugar skýringar á símtali, sem hann átti við kunningja sinn um, að hann ætti von á litháiskum stúlkum til landsins, um það leyti, sem von var á stúlkunni, sem kölluð var Ieva, til landsins.

Þrátt fyrir að stefnandi héldi því fram, að kunningskapur hans við Litháana hefði verið afar lítill, var einhverjum þeirra, m.a. Deividas, boðið í svokallað Eurovision parti hjá honum. Enn fremur kom fram við skýrslutökur, að hann hafi farið til Grundarfjarðar, ásamt þeim Deividas, Dariusi og Sarunasi, til þess að innheimta skuld, en um leið kvaðst hann ekki muna, hverjir þeirra þetta hefðu verið. Þá keypti hann bifreið fyrir Sarunas, sem var þó skráð á stefnanda en í vörzlum Sarunasar.

Samkvæmt upplýsingaskýrslu Guðmundar Baldurssonar, dags. 6.11. 2009, kemur fram, að stefnandi hafi bent honum á íbúð Rafns Kristjánssonar, að Hörgsholti 27 í Hafnarfirði, sem Litháarnir hefðu haft til afnota fyrir stúlkuna, en síðar dró hann í land og kannaðist ekki við að þetta væri rétt. Fyrir dómi í Héraðsdómi Reykjaness hinn 9. nóvember 2009 gaf stefnandi skýrslu sem vitni og kvaðst þar hafa sýnt lögreglumanninum íbúðina að Hörgsholti. Spurður, hvort sú íbúð tengist mansalsmálinu, svarar hann svo: „Ja, strákarnir þarna vita af þessari íbúð og vita að hann Rafn sé erlendis og þeir keyrðu Rabba heim og bíllinn hans Rabba var inni í Kópavogi eða niðri í Vesturvör og lyklarnir af íbúðinni, og síðan frétti ég það, að þeir hafi farið með stelpuna í íbúðina þar.“ Hann kvaðst hafa farið til Deividasar, eftir að hafa séð umfjöllun um mansalsmálið í sjónvarpi og sagt honum að koma sér út úr íbúðinni með stúlkuna.

Þegar framangreind tengsl stefnanda við þá Litháa, sem tengdust mansalsmálinu, eru virt og jafnframt haft í huga, að stefnandi gerði lítið úr þeim tengslum við skýrslutökur og var framburður hans allan tímann afar misvísandi um þau tengsl, sem og um vitneskju hans um Litháisku stúlkuna og verustað hennar, er fallizt á með stefnda, að stefnandi hafi, með framferði sínu stuðlað að þeim aðgerðum, sem viðhafðar voru gagnvart honum. Með vísan til umfangs málsins og alvarleika þess, er ekki fallizt á, að tími gæzluvarðhaldsins hafi verið óhóflega langur, og með hliðsjón af rannsóknarhagsmunum má fallast á, að nauðsyn hafi

borið til að halda stefnanda í einangrun, meðan á rannsókn málsins stóð. Þá er ósannað, að stefnandi hafi verið beittur harðræði við handtökuna, að hann hafi sætt ómannúðlegri meðferð í gæzluvarðhaldinu eða að lífsnauðsynleg lyf hafi verið tekin af honum. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, kr. 900.000, en við ákvörðun gjafsóknarkostnaðar hefur ekki verið litið til virðisaukaskatts.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

-

D Ó M S O R Ð

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfum stefnanda, Sigurjóns G. Halldórssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, kr. 900.000.

Sigríður Ólafsdóttir